

Útdráttur

Samantekt: Kostnaðarábatagreining á upptöku bólusetningar gegn hlaupabólu á Íslandi

Nemandi: Bjarnheiður Margrét Ingimundardóttir

Sérsvið: Heilsuhagfræði

Dagsetning: Maí, 2009

Hlaupabóla er yfirleitt vægur barnasjúkdómur sem fylgir fæðingartíðni hvers lands. Á Íslandi er talið að 97% af fæðingarárgangi fái hlaupabólu árlega eða um 4085 börn. Helstu einkenni hlaupabólu eru vessandi útbrot, vægur hiti, slappleiki og særindi í hálsi. Hlaupabóla gengur yfir á 5-7 dögum. Börnum er uppálagt að halda sig heima á meðan á veikindunum stendur.

Í þessari ritgerð var gerð kostnaðarábatagreining á upptöku bólusetningar gegn hlaupabólu útfrá sjónarhorni alls samfélagsins. Allur kostnaður var reiknaður á verðlagi ársins 2007. Miðað var við þriggja prósentu afvöxtunarkröfu.

Hlaupabóla kostar íslenskt samfélag tæpar 290 milljónir á ári. Þar vegur þyngst vinnutap forráðamanna veikra barna með hlaupabólu. Ef tekin væri upp bólusetning gegn hlaupabólu og bólusett með einum skammti yrði árlegur kostnaður vegna hlaupabólu rúmar 78 milljónir. Mismunurinn er um 210 milljónir sem yrði þjóðhagslegur sparnaður af því að taka upp bólusetningu gegn hlaupabólu, miðað við þær forsendur sem gefnar eru í ritgerðinni. Ef bólusett væri tvisvar gegn hlaupabólu yrði enn meiri þjóðhagslegur hagnaður af bólusetningunni eða 260 milljónir, miðað við áður nefndar forsendur.